

Bæjarstjórn og nefndir.....	2
Forstöðumenn 2004.....	3
Ávarp bæjarstjóra.....	4
Yfirstjórn / Fjárhags- og stjórnsýslusvið.....	6
Bæjarstjórn	
Bæjarskrifstofur	
Álagning skatta	
Starfsmannamál	
Fræðslu- og menningarsvið.....	6
Skólaskrifstofa Seltjarnarness	
Leikskólar	
Grunnskólar	
Tónlistarskóli Seltjarnarness	
Bókasafn Seltjarnarness	
Menningarnefnd	
Íþróttamiðstöð Seltjarnarness	
Íþrótta-, tómstunda- og æskulýðssvið.....	11
Félagsmiðstöðin Selið	
Félagssvið.....	12
Félagsmálaráð	
Fjöldi þjónustuþega	
Barnavernd	
Fjárhagsaðstoð - félagsleg ráðgjöf	
Húsaleigubætur	
Heimilisþjónusta	
Ferðaþjónusta	
Liðveisla við fatlaða	
Þjónusta við aldraða	
Vistunarmál aldraðra	
Daggæslumál	
Félagsleg húsnæðismál	
Jafnréttismál	
Skipulagsmál	
Tækni- og umhverfissvið.....	14
Skipulagsmál	
Byggingarmál	
Verklegar framkvæmdir	
Garðyrkjudeild	
Hitaveita Seltjarnarness.....	17
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.....	17
Ársreikningur 2004.....	19
Rekstrarreikningur.....	20
Efnahagsreikningur 31.12.2004.....	21
Yfirlit um sjóðstreymi árið 2004.....	23
Skýringar.....	24

## BÆJARSTJÓRN OG NEFNDIR

### **BÆJARSTJÓRN SELTJARNARNESBÆJAR**

Ásgerður Halldórsdóttir  
Árni Einarsson  
Bjarni Torfi Álfþórsson  
Guðrún Helga Brynleifsdóttir  
Inga Hersteinsdóttir  
Jónmundur Guðmarsson  
Sunneva Hafsteinsdóttir

### **ENDURSKOÐENDUR**

Deloitte & Touche  
Lárus Finnbogason  
Ágúst Heimir Ólafsson

### **SKOÐUNARMENN**

Stefán Pétursson  
Guðmundur Einarsson

### **YFIRKJÖRSTJÓRN**

Halldór Árnason  
Álfþór B. Jóhannsson  
Bóli Thoroddsen

### **ALMANNAVARNAEFND**

Jónmundur Guðmarsson  
Inga Hersteinsdóttir

### **BLÁFJALLANEFND**

Egill Jóhannsson

### **FÉLAGSMÁLARÁÐ**

Sigrún Edda Jónsdóttir  
Bjarni Torfi Álfþórsson  
Guðrún B. Vilhjálmsdóttir  
Ingibjörg Benediktsdóttir  
Edda Kjartansdóttir

### **FJÁRHAGS- OG LAUNANEFND**

Ásgerður Halldórsdóttir  
Inga Hersteinsdóttir  
Guðrún H. Brynleifsdóttir

### **FULLTRÚARÁÐ**

#### **BRUNABÓTAFÉLAGS ÍSLANDS**

Jón Hákon Magnússon

### **FULLTRÚARÁÐ EIRAR**

Jónína Þóra Einarsdóttir  
Erna Nielsen  
Ingibjörg Benediktsdóttir

### **FULLTRÚARÁÐ MÁLRÆKTARSJÓBS**

Jón Jónsson

### **FULLTRÚARÁÐ SSH**

Inga Hersteinsdóttir  
Guðrún H. Brynleifsdóttir

### **FULLTRÚARÁÐ SORPU**

Pétur Árni Jónsson  
Stefán Bergmann

### **GJAFASJÓÐUR SIGURGEIRS EINARSSONAR**

Ásgerður Halldórsdóttir  
Jón Jónsson

### **HEILBRIGÐISNEFND KJÓSARSVÆÐIS**

Erna Nielsen  
Ingibjörg Benediktsdóttir

### **LANDSPING SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA**

Jónmundur Guðmarsson  
Ásgerður Halldórsdóttir  
Guðrún H. Brynleifsdóttir

### **MENNINGARNEFND**

Sólveig Pálsdóttir  
Bjarki Harðarson  
Bjarni Dagur Jónsson  
Arnþór Helgason  
Jakob Þór Einarsson

### **REYKJANESFÓLKVANGUR**

Egill Jóhannsson

### **SKIPULAGS- OG MANNVIRKJANEFND**

Inga Hersteinsdóttir  
Þórður Ó. Búason  
Ingimar Sigurðsson  
Guðrún H. Brynleifsdóttir  
Stefán Bergmann

### **SKÓLANEFND**

Bjarni Torfi Álfþórsson  
Gunnar Lúðvíksson  
Lárus B. Lárusson  
Sunneva Hafsteinsdóttir  
Árni Einarsson

### **STARFSKJARANEFND ST.FÉL. SELTJ.NESS**

Ásgerður Halldórsdóttir  
Guðrún H. Brynleifsdóttir

### **STJÓRN EIRAR**

Petrea I. Jónsdóttir

### **STJÓRN SORPU**

Bjarni Torfi Álfþórsson

### **STJÓRN STRÆTÓ**

Inga Hersteinsdóttir

### **STJÓRN SLÖKKVILIBS**

#### **HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS**

Jónmundur Guðmarsson

### **STJÓRN STARFSMENNTUNARSJÓBS ST.FÉL. SELTJ.NESS**

Ásgerður Halldórsdóttir  
Guðrún H. Brynleifsdóttir

### **SVÆÐISSKIPULAGSRÁÐ SSH**

Inga Hersteinsdóttir  
Stefán Bergman

### **UMHVERFISNEFND**

Ingimar Sigurðsson  
Magnús Örn Guðmundsson  
Margrét Pálsdóttir  
Stefán Bergmann  
Kristín Ólafsdóttir

### **VEITUSTOFNANIR - STJÓRN**

Jónmundur Guðmarsson  
Atli Atlason  
Guðmundur Jón Helgason  
Jens Andrédsson  
Guðjón Jónsson

## **ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTARÁÐ**

Ásgerður Halldórsdóttir  
Sjöfn Þórðardóttir  
Sigrún Edda Jónsdóttir  
Árni Einarsson  
Nökkvi Gunnarsson



## **FORSTÖÐUMENN 2004**

### **BÆJARSTJÓRI**

Jónmundur Guðmarsson

#### **VERKEFNASTJÓRI**

Óskar J. Sandholt

#### **SKJALASTJÓRI**

Ása Þórðardóttir

### **FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRHAGS- OG STJÓRNSÝSLUSVIÐS**

Lúðvík Hjalti Jónsson

### **FRAMKVÆMDASTJÓRAR FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐS**

Lúðvík Hjalti Jónsson og Jónmundur Guðmarsson

#### **GRUNNSKÓLAFULLTRÚI**

Margrét Harðardóttir

#### **LEIKSKÓLAFULLTRÚI/KENNSLURÁÐGJAFI GRÓTTU**

Hrafnhildur Sigurðardóttir

#### **SKÓLASTJÓRI GRUNNSKÓLA SELTJARNARNESS**

Sigfús Gréтарsson

#### **SKÓLASTJÓRI TÓNLISTARSKÓLA**

Gylfi Gunnarsson

#### **LEIKSKÓLASTJÓRI MÁNABREKKU**

Dagrún Ársælsdóttir

#### **LEIKSKÓLASTJÓRI SÓLBREKKU**

Soffía Guðmundsdóttir

#### **BÆJARBÓKAVÖRÐUR**

Pálína Magnúsdóttir

### **FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍPRÓTTA-, TÓMSTUNDA- OG ÆSKULÝÐSSVIÐS**

Haukur Geirmundsson

#### **UMSJÓNARMADUR ÍPRÓTTAMANNVIRKJA/ÍPRÓTTAFULLTRÚI**

Haukur Geirmundsson

#### **ÆSKULÝÐSFULLTRÚI**

Linda Sif Þorlákssdóttir

### **FRAMKVÆMDASTJÓRI FÉLAGSPJÓNUSTUSVIÐS/FÉLAGSMÁLASTJÓRI**

Snorri Aðalsteinsson

#### **FÉLAGSRÁÐGJAFI/FORVARNARFULLTRÚI**

Sigrún Hvanndal Magnúsdóttir

#### **ÖLDRUNARFULLTRÚI**

Jónína Þóra Einarssdóttir

### **FRAMKVÆMDASTJÓRI TÆKNI- OG UMHVERFISVIÐS**

Einar Norðfjörð

#### **BÆJARTÆKNIFRÆÐINGUR**

Haukur Kristjánsson

#### **GARÐYRKJUSTJÓRI**

Steinunn Árnadóttir

#### **BÆJARVERKSTJÓRI**

Gils Stefánsson

### **HITAVEITUSTJÓRI**

Jón H. Björnsson



### Ágætu Seltirningar!

Árið 2004 var eitt mesta framkvæmdaár síðari tíma á Seltjarnarnesi eins og glögglega má merkja af ársskýrslunni. Auk stórra verkefna í gatnamálum má nefna að Tónlistarskólinn var stækkaður og endurbættur, áfram var haldið við gagngera endurnýjun á húsnæði Mýrarhúsaskóla, lokið var við innréttingar á bókasafni, nýtt nemendamötuneyti var opnað í Mýrarhúsaskóla og hafist var handa við endurgerð Nesstofu. Starfsemi bæjarfélagsins var þannig í senn fjölbreytt og árangursrík. Þrátt fyrir það náðust fjárhags- og rekstrarleg markmið bæjarstjórnar. Í greinargerð endurskoðenda bæjarins kemur meðal annars fram að allar kennitölur bera með sér trausta fjárhagsstöðu og rekstur sem endurspeglast meðal annars í litlum mismun á milli raunkostnaðar og fjárhagsáætlunar. Með þessari niðurstöðu er ljóst að endurskoðendum bæjarins ber saman við niðurstöður árlegs mats Grant Thornton endurskoðunar á fjárhagsstöðu Seltjarnarnesbæjar. Það er einnig ánægjulegt að greina frá því að bæjarsjóður og samstæða skiluðu umtalsverðum hagnaði í fyrra, eins og reyndar árin þar á undan, auk þess sem áfram tókst að lækka skuldir bæjarsjóðs.

Rekstrarniðurstæða aðalsjóðs fyrir afskriftir og fjármagnsliði nemur 121 milljón króna og samstæðu rúmum 155 milljónum króna. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða er rekstrarniðurstæða bæjarsjóðs mjög viðunandi og ber niðurstæðan vitni um verulegan bata í afkomu bæjarsjóðs og samstæðunnar í heild á milli ára. Rekstrarhagnaður bæjarsjóðs árið 2004 nam því tæpum 114 milljónum króna. Góður árangur náðist einnig í rekstri samstæðunnar í heild. Samkvæmt ársreikningi 2003 varð um 28 milljóna króna afgangur af samanteknum rekstri Seltjarnarnesbæjar en á síðasta ári nam hagnaður samstæðu tæpum 50 milljónum sem telst verulegur bati.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri bæjarsjóðs um 209 milljónum króna og styrkist um 32% á milli ára og varpar ljósi á bolmagn bæjarins til framkvæmda og fjárfestinga sem er verulegt. Veltufé frá rekstri í samstæðu hækkar einnig á milli ára eða um 50%. Handbært fé frá rekstri nam um 240 milljónum, fjárfestingar samstæðu námu 86,8 milljónum króna og hækka um 46% frá fyrra ári. Fjármögnunarhreyfingar námu samtals um 61 milljón og er um að ræða áframhaldandi niðurgreiðslu langtímalána en engin ný langtímalán voru tekin á árinu. Hækkun á handbæru fé á árinu nam um 75 milljónum króna og nam handbært fé sveitarfélagsins í árslok um 110 milljónum króna og hækkar því um tæp 70% á milli ára.

Veltufjárlutfall bæjarsjóðs er 2,13 - hefur sjaldan verið sterkara - og hefur greiðslustaða því farið verulega batnandi frá árinu 2002. Veltufjárlutfall samstæðu heldur áfram að styrkjast; hækkar úr 0,87 árið 2002 í 1,45. Meginskýringin felst í skuldbreytingu óhagstæðra skammtímalána, aðhaldi í rekstri á yfirstandandi kjörtímabili og bættum heimtum á tekjum bæjarins en markvisst hefur verið unnið að því á tímabilinu.

Efnahagur Seltjarnarnesbæjar undirstrikar trausta fjárhagsstöðu bæjarins. Eignir bæjarsjóðs vaxa um tæpar 220 milljónir króna á milli ára, úr rúmum 2.482 milljónum árið 2003 í 2.701 milljón árið 2004. Eigið fé bæjarsjóðs hækkar um rúmar 90 milljónir milli ára og var um 1.634 milljónir króna í árslok 2004. Eigið fé bæjarsjóðs óx því um rúmlega 5% og eiginfjárlutfall bæjarsjóðs í árslok var 60,49% en samstæðunnar 57,17%. Langtímaskuldir bæjarins og samstæðu hafa farið hratt lækkandi síðustu ár og nema nú um 385 milljónum króna og lækka um ríflega 50 milljónir á milli ára.

Seltirningar eiga að njóta þess að við búum í vel reknu bæjarfélagi og var lækkun fasteignaskattsprósentunnar í upphafi árs glögg merki um vilja bæjarstjórnar til að skila fjárhagslegum ávinningi aftur til skattgreiðenda í stað þess að stofna til nýrra útgjalda.

Mikilvægur þáttur í fjármálastjórn bæjarins er það hugarfar að bæjarstjórn leitist ávallt við að veita íbúum lögbundna þjónustu á sem bestum kjörum frekar en með öðrum og skammsýnni ráðum svo sem lántökum eða hækkun skatta. Þessi hugsun hefur gefist vel á Seltjarnarnesi og á ríkan þátt í velgengni bæjarins í samanburði við önnur sveitarfélög. Stjórnendur bæjarins hafa um langt skeið verið einbeittir í að halda álögum á skattgreiðendur í lágmarki en veita um leið samkeppnisfæra þjónustu. Útsvar er það lægsta á höfuðborgarsvæðinu og fasteignagjöldum er stillt í hof, ekki sist eftir lækkun álagningarstuðla í janúar síðastliðnum. Þrátt fyrir þessa stefnu hefur rekstur bæjarins skilað ágætum afgangi og skuldir bæjarsjóðs eru afar lágar í samanburði við önnur sambærileg sveitarfélög. Þessar áherslur skapa aðhald fyrir kjörna fulltrúa við gerð fjárhagsáætlana, leiða til aga stjórnenda í daglegum rekstri en hefur ekki komið í veg fyrir að þjónusta bæjarins við íbúa sé öflug og vel samkeppnisfær. Ársreikningur bæjarins fyrir síðasta ár ber með sér að tekist hefur að veita íbúum samkeppnisfæra þjónustu á fjölmörgum sviðum án þess að það komi niður á afkomu bæjarsjóðs, fjárhagslegu sjálfstæði bæjarins og getu til að stuðla að nýbreytni og fjárfestingum.

Mikil vinna var lögð í vinnslu aðal- og deiliskipulags á árinu þó ekki hafi tekist að ljúka við gerð þess eins og að var stefnt, meðal annars vegna mótmæla frá íbúum. Þegar í upphafi verks lagði bæjarstjórn áherslu á að nýtt skipulag yrði unnið fyrir opnum tjöldum og tryggt yrði greitt aðgengi íbúa að upplýsingum og ráðgjöfum bæjarins. Fullyrða má að ferli skipulagsvinnunnar hafi óvída verið unnið jafn opið og gegnsætt og raun bar vitni. Þrátt fyrir þessa viðleitni tók skipulagsmæðan í bænum á sig ásýnd deilna og átaka eins og víða eru dæmi um í öðrum sveitarfélögum. Að mínum dómi kann skýringa helst að vera að leita í óljósu laga- og reglugerðarumhverfi þar sem óskýrt umboð stjórnvalda fer saman við lítt skilgreinda aðkomu íbúa að skipulagsmálum á öllum stigum ferlisins. Af þessu hlýst svo gjarnan ágreiningur um hlutverk og aðkomu ólíkra aðila á hinum ýmsu stigum sem leiðir til þess að athyglin hvarflar frá kjarna málsins sem er að tryggja langtíma þróun og uppbyggingu samfélagsins. Á sama tíma verður ekki annað ráðið en að á Seltjarnarnesi sé umtalsverður stuðningur

við markmið nýs skipulags sem er að efla lífsgæði íbúanna, bæta aðstöðu til knattspyrnuíðkunar og svara ákalli Seltirninga um húsnæði. Skipulagsmál eru í eðli sínu ekki nákvæm vísindi, heldur byggja á sýn íbúa og stjórnvalda á framtíðina og fátt er eðlilegra en að lögmál lýðræðis fái að njóta sín til fulls við slíkar aðstæður. Á grundvelli þess ákvað bæjarstjórn að stíga til fulls skrefið sem hófst með íbúáþingi haustið 2002 og koma á fót starfshópi bæjarbúa um skipulag á Seltjarnarnesi. Hópurinn starfar með skipulagsyfirlöðum og er þeim til ráðuneytis um álitamál sem tengjast landnotkun á Seltjarnarnesi við gerð nýs aðalskipulags og deiliskipulags Hrólfsskálamelar og Suðurstrandar. Markmiðið er að leitast við með skilgreindum hætti að skapa skýrari heildarmynd og að vonum stuðla að aukinni sátt um uppbyggingu bæjarins á skipulagstímabilinu 2005 - 2024. Tel ég góðar líkur á að þetta frumkvæði bæjaryfirvalda sé leið til þess að unnt verði að ljúka stefnumarkandi umræðu um skipulagsmálin og leiða þau til lykta með virkri þátttöku bæjarbúa í ákvörðun um skipulagskosti.

Sóknarfæri okkar Seltirninga felast fyrst og fremst í því að auka lífsgæði íbúanna og gera það með skilvirkum hætti, þannig að þeir njóti góðrar þjónustu án óþarfa skattheimtu. Seltjarnarnesbær er að mörgu leyti fullþroskaður og stækkar vart mikið meira. Ólíklegt verður að telja að umsvifamikil atvinnustarfsemi rísi hér. Sóknarfærin felast í því að veita íbúunum góða þjónustu og skapa eftirsóknarvert samfélag. Ég tel að við séum vel á vegi stödd hvað þetta snertir en við getum ávallt gert betur til að gera sveitarfélagið enn eftirsóknarverðara. Seltjarnarnes hefur að mínu mati þá sérstöðu á höfuðborgarsvæðinu að hér er ákveðinn bæjarbragur. Nesið er samfélag á jaðri stórborgar en hefur samt sinn viðkunnanlega bæjarblæ. Hér þekkist fólk vel, það umgengst hvert annað og sýnir hvert öðru nærgætni. Ég tel brýnt að við leitumst við að ýta undir þessa styrkleika. Við getum auðveldlega hlúð betur að þeim kostum sem gert hafa bæinn okkar eftirsóknarverðan. Það er samfélagið sjálft, þjónustan, lágar álögur og umhverfið. Vestursvæðin okkar eru sannkölluð náttúruperla sem allir kunna að meta.

Framundan eru spennandi tímar á Seltjarnarnesi. Á undanförunum árum hefur tekist að koma mörgum góðum hlutum í framkvæmd; Valhúsaskóli hefur verið stækkaður, Mýrarhúsaskóli er í endurbótaferli, tónlistarskólinn hefur verið stækkaður, nýtt bókasafn, sem réttara væri að kalla menningarmiðstöð opnað, ljósleiðaravæðing stendur fyrir dyrum og sömuleiðis endurbygging Nesstofu, sem er talin ein af þremur verðmætustu byggingum landsins ásamt Stjórnarráðinu og Viðeyjarstofu. Af öðru sem framundan er má nefna þátttöku í byggingu hjúkrunarheimilis við Eiðsgranda, byggingu gervigrasvallar og verulegar endurbætur á sundlaug og íþróttamiðstöð bæjarins.

*Það er verk að vinna!*





## YFIRSTJÓRN / FJÁRHAGS- OG STJÓRNSÝSLUSVIÐ

### BÆJARSTJÓRN

Bæjarstjórn Seltjarnarness er skipuð sjö bæjarfulltrúum, fjórum frá Sjálfstæðisflokki og þremur frá Neslista. Forseti bæjarstjórnar er Ásgerður Halldórsdóttir og bæjarstjóri er Jónmundur Guðmarsson.

Bæjarstjórn heldur fundi að jafnaði tvisvar í mánuði en á árinu 2004 voru haldnir 23 bæjarstjórnarfundir. Fundirnir eru haldnir í fundarsal bæjarstjórnar að Austurströnd og eru öllum opnir. Fundargerðir bæjarstjórnar eru birtar svo fljótt sem verða má á heimasíðu bæjarins eins og fundargerðir annarra nefnda á vegum bæjarins.

### BÆJARSKRIFSTOFUR

Bæjarskrifstofur Seltjarnarness eru að Austurströnd 2 en þar er jafnframt skólaskrifstofa. Tækni- og umhverfissvið er til húsa í Bygggördum og félagssvið í Gamla Mýrarhúsaskóla. Á bæjarskrifstofum er leitast við að veita viðskiptavinum bæjarins, bæjarbúum, starfsmönnum og öðrum sem besta þjónustu ásamt upplýsingum um starfsemi bæjarins og afgreiðslu mála í stjórnkerfinu. Meginverkefni skrifstofunnar eru umsjón og eftirlit með daglegum rekstri, starfsmannahaldi, allri launavinnslu og bókhaldi bæjarins, upplýsingagjöf, umsjón heimasíðu, yfirumsjón tölvumála og álagning og innheimta þjónustu-, fasteigna- og hitaveitugjalda.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að veita bæjarbúum sem bestar upplýsingar og hefur útgáfa á ýmsu efni sem dreift hefur verið til íbúa farið vaxandi. Meðal annars voru á árinu gefnir út bæklingar um fjármál og rekstur bæjarins, skipulagsmál, leikskóla auk veglegrar ársskýrslu.

Á árinu 2004 var gerður samningur við Íslandsbanka um greiðsluseðla fyrir alla innheimtuflokka, sem komu í stað gíröseðla áður. Breyting þessi var meðal annars gerð vegna ábendinga íbúa. Greiðsluseðlaformið auðveldar íbúum greiðslu reikninga í heimabanka og einfaldar innheimtukerfi bæjarins. Einnig var á árinu tekið upp grænt bókhald, ætlað til að halda utan um ýmsar magntölur svo sem bensín, orkunotkun og fleira þess háttar vegna þátttöku bæjarins í Staðardagskrárverkefni 21.

### ÁLAGNING SKATTA

Við afgreiðslu á fjárhagsáætlun ársins 2004 samþykkti bæjarstjórn að hafa gjaldstig útsvars 12,46%.

Seltjarnarnesbær er eitt af sífellt færri sveitarfélögum sem leggja ekki á hámarksútsvar samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Álagning fasteignagjalda er einnig mjög stillt í hóf og er með því lægsta sem þekktist meðal sveitarfélaga. Seltjarnarnesbær er einnig eitt örfárra sveitarfélaga sem ekki leggur á holræsagjald. Elli- og örorkulífeyrisþegar fá afslátt af fasteignagjöldum íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Álagning fasteignagjalda ársins 2004 var með eftirfarandi hætti:

#### FASTEIGNASKATTUR AF ÍBÚÐARHÚSNÆÐI

Var 0,36% af fasteigna- og lóðamati.

#### FASTEIGNASKATTUR AF ATVINNUHÚSNÆÐI

Var 1,12%.

#### VATNSGJALD

Var 0,15% af fasteigna- og lóðamati.

#### LÓÐARLEIGA

Var 0,75% af lóðamati.

#### SORPGJALD

Var 6.000 kr. á tunnu eða íbúð.

#### HOLRÆSAGJALD

Var ekki lagt á.

#### STARFSMANNAHALD

Á árinu urðu engar breytingar á starfsmannahaldi bæjarskrifstofu að öðru leyti en því að nýr starfsmaður kom til starfa við þríf og umsjón eldhúss.

Símenntunaráætlun var gerð fyrir starfsmenn bæjarskrifstofu og starfsmannaviðtöl voru tekin við alla starfsmenn. Þrjú stutt námskeið voru sérstaklega haldin fyrir starfsmenn stjórnsýsluskrifstofu og haldnir voru sjö starfsmannafundir. Sú nýbreytni var tekin upp að hafa sumaropnunartíma á bæjarskrifstofunum frá 1. júní – 31. ágúst. Opnunartími skrifstofu var lengdur á fimmtudögum en stytur á föstudögum. Þessi breyting mæltist ágætlega fyrir hjá starfsmönnum og bæjarbúum. Bæjarbúum var þannig gefinn kostur á að sinna erindum sínum á bæjarskrifstofu utan hefðbundins vinnutíma og starfsmönnum gafst kostur á að komast fyrir í helgarleyfi og njóta samvista með fjölskyldum sínum.

## FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐ

### SKÓLASKRIFSTOFA SELTJARNARNESS

#### SAMEINING YFIRSTJÓRNAR GRUNNSKÓLA

Frá og með skólaárinu 2004 - 2005 var yfirstjórn grunnskólanna, Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla sameinuð. Skólinn heitir nú Grunnskóli Seltjarnarness – Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli. Tilgangur sameiningarinnar er að skapa öflugan skóla sem býr yfir kostum sveigjanleika og frelsi smærri skóla ásamt faglegum styrk og fjárhagslegri hagræðingu. Við sameiningu skólanna var skipuritinu breytt

í samráði við tillögur vinnuhóps, sem starfsfólk tók virkan þátt í að móta. Í stjórnunarteymi skólans eru skólastjóri, tveir aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar stiga og deildarstjórar sérkennslu. Sameining skólanna hefur gengið vel með samstilltu átaki.

Markmið Grunnskóla Seltjarnarness er að vera góður skóli, þar sem nemandinn er í brennidepli og gagnkvæm virðing ríkir milli allra aðila í skólasamfélaginu.

Sérstaða Grunnskóla Seltjarnarness felst meðal annars í því samfélagi sem hann starfar í og umhverfi þess sem er ósnortið útivistarsvæði í miðju höfuðborgarsvæðisins.

### **SAMRÆMT SKÓLADAGATAL**

Skólaskrifstofa beitti sér fyrir samræmingu skóladagatala grunn- og leikskóla. Með góðum skilningi skólastjórnenda tókst að hafa nemendadaga samræmda á öllum skólastigum. Það er með hagsmuni fjölskyldna að leiðarljósi sem samræmt dagatal er gert. Tilgangurinn er að skólastofnanir séu ekki lokaðar á víxl. Því miður riðlaðist skóladagatal grunnskóla nokkuð vegna verkfalls kennara síðastliðið haust. Einnig ákvað skólanefnd Seltjarnarness að bæta nemendum upp kennslu sem fór forgörðum vegna verkfallsins og var því áður ákveðið vetrarfrí fellt niður auk þess sem grunnskólinn fékk fjármagn til að bæta við kennslu.

### **ÚTGÁFA, KYNNINGARRIT**

Á árinu 2004 var gefinn út nýr kynningarbæklingur um leikskóla Seltjarnarness, undir yfirskriftinni „Velkomin í leikskóla“. Bæklingurinn er til upplýsinga fyrir foreldra og fjallar um leikskólastarfið. Þar kemur fram að leikurinn er námsleið lítilla barna í leikskóla en leikurinn er leiðandi hugtak í kennslu leikskólakennarans og í öllu starfi leikskólans.

### **MÖTUNEYTI Í MÝRARHÚSASKÓLA**

Við upphaf skólastarfs haustið 2004 var tekið í notkun fullkomið framreiðslueldhús í Mýrarhúsaskóla. Viðtökur foreldra og barna hafa verið einkar ánægjulegar og kaupa um 85% nemenda skólans mat í skólanum. Verð á máltíð er 265 kr. og lækkaði umtalsvert miðað við aðkeypta matinn sem áður var boðið upp á í skólanum. Mikil áhersla er lögð á að horft sé til mannelíðisáhrifa við gerð matsæla mótuneytisins. Mjög var vandað til eldhússins og keypt fullkomnustu tæki og búnaður sem völ var á.

### **ENDURSKIPULAGNING SKÓLASKJÓLS**

Starfshópur á vegum skólanefndar vann að endurskipulagningu Skólaskjólans og skilaði greinargerð til skólanefndar á árinu. Tillögum starfshópsins um bætt faglegt starf og nýbreytni hefur verið hrundið í framkvæmd.

### **TÓNLISTARSKÓLINN STÆKKAÐUR**

Við upphaf skólaárs 2004 – 2005 var tekin í notkun glæsileg 300 fm<sup>2</sup> viðbót við Tónlistarskóla Seltjarnarness. Endurbætur og stækkun skólans tókust einkar vel og er húsnæði skólans nú hið glæsilegasta. Öll aðstaða fyrir nemendur og ekki síður kennara hefur tekið miklum stakkaskiptum.

### **GÆSLUVÖLLUR**

Sumarið 2004 var gerð tilraun til að hafa gæsluvöllinn opinn á leikskólalóðunum á þeim tíma sem leikskólarnir voru lokaðir, samtals í 6 vikur. Allur aðbúnaður barna og starfsmanna er mun betri við þessa tilhögun og hafa foreldrar og forráðamenn lýst ánægju sinni með þessa breytingu. Nokkrir starfsmenn leikskólanna unnu tímabundið á gæsluvöllinum og tengdust því börnin þeim starfsmönnum afar vel.



### **FRÆÐASETRID Í GRÓTTU**

Skólaskrifstofa hefur umsjón með Fræðasetrinu í Gróttu. Kennsluráðgjafi og húsvörður eru starfandi við setrið og tekið er á móti hópum er þangað sækja. Minni aðsókn var á síðastliðnu ári vegna verkfalls kennara en þó höfðu foreldrafulltrúar tekið sig til og gíst með bekkjum barna sinna úti í eyju í verkfallinu, við mikla ánægju barnanna. Á árinu 2004 heimsóttu alls um 780 manns setrið.

„Fjölskyldudagur í Gróttu“ var haldinn hátíðlegur í apríl og stóðu kennarar og nemendur tónlistarskólans fyrir mikilli tónlistarveislu þar sem dixieland-band lék í vitanum, lúðrasveitin lék í stóru tjaldi og gestir gæddu sér á vöfflukaffi undir fiðlu- og gítartónum. Um 200 manns lögðu leið sína út í Gróttu þennan laugardagsmorgun.

Upplýsingar um Fræðasetrið er að finna á heimasíðu bæjarins og þar er einnig að finna „Flóðatöflur“ sem veita upplýsingar um hvenær er hægt að komast út í Gróttu. Auk þess er flóðatafla hvers mánaðar á skilti á bílastæðinu úti í Snoppu.

### **LEIKSKÓLAR**

Seltjarnarnesbær rekur tvo leikskóla, Mánabrekku og Sólbrekku. Alls stunduðu 200 börn nám í leikskólunum síðastliðinn vetur. Skólarnir eru einsetnir og voru samtals 167 börn eða 83,5% með 7- 9,5 klukkustunda dvalartíma á dag. Samanlagðar dvalarstundir voru 1.620.

Haustið 2004 voru innrituð 54 ný börn í leikskólana, þau yngstu 17 mánaða gömul.

Í apríl á síðasta ári lögðu allir starfsmenn leikskólanna land undir fót og heimsóttu leikskóla í Madrid á Spáni til að kynna leikskólastarfi þar í borg. Starfsfólk Mánabrekku heimsótti grænánaskóla og starfsfólk Sólbrekku heimsótti skóla þar sem megináhersla var lögð á tónlist og einnig var mikið lagt upp úr foreldrasamstarfi. Mjög vel var tekið á móti hópnum og heppnaðist ferðin í alla staði afar vel og skilar sér án efa í ánægðara og hæfara starfsfólki.

Þrír starfsmenn leikskólanna luku fjarnámi í leikskólafræðum frá Háskólanum á Akureyri síðastliðið vor og starfa nú sem leikskólakennarar við leikskóla Seltjarnarness. Mikill fengur var fyrir bæjarfélagið að fá slíka fjölgun í leikskólakennarahópinn.

Endur- og símenntun leikskólastarfsfólksins var öflug á síðasta ári eins og undanfarin ár en mikil og góð samvinna er við nágrannasveitarfélögin um námskeið og fyrirlestra fyrir starfsmenn.

Leikskólar Seltjarnarness hafa um nokkurra ára skeið haldið úti heimasíðum á netinu. Þar geta foreldrar og aðrir áhugasamir aflað sér upplýsinga um leikskólana og kynnt sér það sem í boði er.

Leikskólafulltrúi og stjórnendur leikskólanna unnu að gerð Handbókar fyrir leikskólastjóra en handbókin er liður í gæðastarfi leikskólanna.

Mikla athygli hefur vakið hið giftusamlega samstarf leikskólanna við Tónlistarskóla Seltjarnarness. Tónmenntarkennari kemur tvisvar í viku í leikskólana og heldur uppi öflugri kennslu á öllum deildum. Auk þess styðja kennarar skólanna vel við tónmennt í daglegu starfi á deildunum. Með slíkri samvinnu er lagður grunnur að frekari tónmennt barnanna á Seltjarnarnesi.

Á eldri deildum leikskólanna er unnið lífsleikniverkefnið Stig af stigi einnig er unnið með það í yngstu bekkjum Mýrarhúsaskóla. Með verkefni þessu er unnið að ákveðinni samfellu skólastiganna, þar sem börnin í leikskólunum hafa farið í gegnum ákveðin verkefni og fræðslu sem haldið er áfram með upp í grunnskóla. Íslenski þroskalistinn og hljóðk erfisvitundargreiningarprófið Hljóm er lagt fyrir öll börn í elsta árgangi leikskólanna.

### MÁNABREKKA

Mánabrekka hefur unnið ötullega að náttúru- og umhverfisvernd. Á síðastliðnum vetri hefur skólinn verið þátttakandi í alþjóðlega verkefninu Skólar á grænni grein. Landvernd hefur yfirumsjón með verkefninu og þurfa skólar sem öðlast þátttökurétt að hafa tekið að minnsta kosti sjö skref til bættar umhverfisstjórnunar. Þegar skrefin sjö hafa verið stigin getur skólinn sótt um Grænfánann. Grænfáninn var afhentur við hátíðlega athöfn þann 1. desember að viðstöddum umhverfisráðherra, fulltrúum frá Landvernd og fleiri góðum gestum.

Í Mánabrekku voru framkvæmdir með minna móti á síðasta ári. Loftræstikerfið var hreinsað og endurnýjað að hluta, einnig voru frárennsli og niðurföll á deildunum hreinsuð, auk almenns viðhalds, svo sem hreingerninga og bónunar. Útileiksvæðinu var skipt upp, þannig að hlið voru sett til að loka af norðurhluta svæðisins.

### SÓLBREKKA

Sólbrekka hefur verið í fararbroddi í gerð aldurskiptrar námskrár. Lögð hefur verið áhersla á að skilgreina öll námssvið leikskólans, samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla og gera grein fyrir áhersluþáttum á hverju aldurstigi fyrir sig. Félag leikskólakennara hefur einmitt sett það á oddinn í nýsamþykktari stefnu sinni að

aldursskipta námskrám leikskóla. Einkunnarorð leikskólans Sólbrekku eru „Leikum og lærum“.

Í Sólbrekku var lagt steinteppi á tengigang og var sú breyting til mikilla bóta hvað varðar öryggi, hljóðeinangrun og hreinlæti. Leikskólinn var málaður að utan og nokkrar leikstofur voru einnig málaðar. Haldið var áfram að endurnýja girðinguna í kringum lóðina. Í norðurhluta leiksvæðisins var sandkassinn endurnýjaður og settar upp kattafætur. Einnig var komið fyrir nýrri smábarnarólu.

### GRUNNSKÓLAR

Haustið 2004 voru um 740 nemendur í Grunnskóla Seltjarnarness. Í Mýrarhúsaskóla voru 415 nemendur í 1.-6. bekk í samtals 21 bekkjardeild. Í Valhúsaskóla voru 324 nemendur í 7.-10. bekk í samtals 16 bekkjardeildum.

Skólanámskrá Grunnskóla Seltjarnarness er í stöðugri endurskoðun og nú er unnið að því að gera hana enn heildstæðari og samfelldari en áður eftir sameiningu skólanna. Kennarar skólans hafa myndað öflugra starfshópa með það að markmiði að efla innra starfið.

Áherslur skólans í símenntun eru einstaklingsmiðað nám og kennsluhættir, upplýsinga- og tæknimennt og umhverfismennt. Árið 2005 er gert ráð fyrir að allir kennarar skólans fari á námskeið um einstaklingsmiðað nám og kennsluhætti.

### MÝRARHÚSASKÓLI

Eins og getið er um hér að framan var mótuneyti sem staðsett er í fjölnotasal Mýrarhúsaskóla tekið í notkun í ágúst síðastliðnum. Afar vel tókst til með framkvæmdir við mótuneytið og alla skipulagningu og er ástæða til að þakka bygginganefnd skólans, grunnskólafulltrúa og stjórnendum skólans fyrir vel unnin störf við að koma upp mótuneyti í skólanum. Nemendur og foreldrar eru upp til hópa mjög ánægðir með matinn. Matreiðslumeistari starfar í mótuneytinu ásamt starfsmönnum í 2,5 stöðugildum. Umsjónarkennarar í 1.-3. bekk eru einnig með umsjónarþekki sínum í mótuneytinu, auk þess sem þó nokkur fjöldi annarra starfsmanna er þar til aðstoðar.

Lokið var við frágang á gluggum í eldri byggingu skólans og skipt um alla ofnakra.



Nemendur unnu að ýmisskonar verkefnum og tóku þátt í samkeppnum meðal annars um gerð rafræns jólakorts en sú samkeppni var á vegum Menntagáttar. Yfir 1300 jólakort bárust í keppnina en fjórir nemendur í Mýrarhúsaskóla unnu til verðlauna en alls voru veitt 10 verðlaun.

Síðasta kennsludag að vori var haldinn markaðsdagur í skólanum. Nemendur seldu ýmsa muni sem þeir höfðu búið til á vordögum og voru auk þess með margs konar uppákomur til fjáröflunar fyrir vinaskóla Mýrarhúsaskóla í Malaví.

Skólastjóri og fræðslustjóri vinaskóla Mýrarhúsaskóla í Namazizi í Malaví



heimsóttu skólann í nóvember. Heimsóknin var skipulögð í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Þeir kynntu sér skólastarf á Seltjarnarnesi sem er gjörólíkt því sem þeir þekkja. Þeir lýstu mikilli ánægju með gjöfult samstarf skólanna.

### VALHÚSASKÓLI

Myndmenntastofan í Valhúsaskóla var endurnýjuð og vinnusvæðið endurskipulagt. Breytingin tókst mjög vel og er stofan í alla staði vel heppnuð.

Lokið var endurbótum á anddyri skólans, tölvur fyrir nemendur í minna tölvuherbergi voru endurnýjaðar svo og tölvur í vinnuherbergi kennara.

Átta nemendur í Valhúsaskóla hlutu viðurkenningu í samkeppni Mjólkursamsölnunnar og Félags íslenskra myndlistarkennara sem gekk undir nafninu Fernuflug. Nemendur af öllu landinu höfðu þátttökurétt en alls tóku 56 nemendur þátt í keppninni. Árangur Valhúsinga var því einstaklega glæsilegur.

Nokkrir nemendur í Valhúsaskóla lögðu sitt af mörkum til að styrkja Barna- og unglingageðdeild Landspítalans með styrktarsýningu á söngleiknum Hárinu í Félagsheimili Seltjarnarness. Nemendur sáu um allan undirbúning en allur ágóði rann eins og áður er getið til Barna- og unglingageðdeilda. Sýningin þótti takast vel og voru nemendur ánægðir með árangurinn.

13 nemendur í frönskuválinu fóru í náms- og kynnisferð til Parísar um hvítasunnuna. Tilgangur ferðarinnar var að láta reyna á frönskukunnáttuna og komast í snertingu við heimsborgina. Flestir nemendanna hafa lært frönsku í tvö ár. Skipulag ferðarinnar og undirbúningur var samstarfsverkefni skólans og foreldra.

Nemendur í 8., 9. og 10. bekk tóku þátt í stærðfræðikeppni fyrir grunnskóla sem haldin er árlega í Menntaskólanum í Reykjavík en markhópurinn eru nemendur sem búsettir eru í nágrenni skólans. Árangur nemenda var mjög góður og unnu nokkrir þeirra til verðlauna. Áhugi nemenda og þátttaka hefur aukist ár frá ári.

Breska sendiherrafrúin á Íslandi heimsótti alla árganga í Valhúsaskóla og kynnti Bretland og breska menningu fyrir nemendum. Í kjölfarið kom hún reglulega og kenndi nemendum í elstu bekkjum.

### TÓNLISTARSKÓLI SELTJARNARNESS

Nemendum í Tónlistarskóla Seltjarnarness fjölgaði lítillega á skólaárinu 2003-2004. Alls voru 263 nemendur í hefðbundnu tónlistarnámi en að auki fá allir fjögurra, fimm og sex ára nemendur tónlistarfræðslu.

Undirbúningur fyrir stækkun og lagfæringu á húsnæði Tónlistarskólans stóð yfir allt skólaárið og hófust framkvæmdir í febrúar 2004. Framkvæmdum lauk á tilsettum tíma og var nýtt og glæsilegt viðbótarrými tekið í notkun í ágúst. Stækkun og endurbætur skólans eru vel heppnaðar og hefur vinnuaðstaða nemenda og kennara verið stórbætt.

Tónleikar voru haldnir á þriggja vikna fresti í skólanum. Kennarar héldu einkatónleika ásamt nemendum sínum á haust- og vorönn. Einnig voru haldnir jóla- og vortónleikar í Seltjarnarneskirkju ásamt sérstökum tónleikum fyrir lengra komna nemendur. Opið hús var í Tónlistarskólanum 21.



febrúar. Í þemaviku gekkst skólinn fyrir tónlistarnámskeiði sem gestakennarar stjórnuðu.

Nemendur í strengjagadeild Tónlistarskóla Seltjarnarness og Tónmenntaskólanum í Reykjavík héldu sameiginlega tónleika. Lúðrasveitir skólans héldu tvenna tónleika á skólaárinu í Seltjarnarneskirkju. Í júní 2004 fóru elstu nemendur skólalúðrasveitarinnar til Vínarborgar á tónlistarhátíð, International Youth and Music Festival. Hljómsveitin tók þátt í hljómsveitarkeppni og stóð sig ágætlega.

Kennarar notuðu starfsdaga vorsins til að fara í náms- og kynnisferð til Amsterdam.

### BÓKASAFN SELTJARNARNESS

Bókasafn Seltjarnarness er til húsa að Eiðistorgi 11, annarri hæð. Það er opið allt árið um kring, mánudaga klukkan 12-22, þriðjudaga til föstudaga klukkan 12-19. Opið var á laugardögum frá október til apríl frá klukkan 11-14.

Safnkostur í byrjun árs 2004 voru 51.266 eintök samkvæmt skráningu í tölvukerfi. Aðföng bóka með kaupum eða gjöfum voru 2.958 eintök, þar af 1.796 nýtt efni en afskrifuð voru 1.143 eintök. Auk þess voru skráð eintök af eldra efni. Safnkostur telst því vera 53.081 eintök. Að auki á safnið 1.057 myndbönd, nokkur tungumálanámskeið, 528 hljóðbækur, 753 geisladiska og 81 margmiðlunargagn. Í tímaritagrúnnu eru skráð 7.519 eintök eða um 140 titlar af nýjum og gömlum tímaritum og blöðum.

Safninu bærust margar bókaþjafir á árinu af ýmsu tagi. Er þessar gjafir vel þegnar og hafi gefendur þakkir fyrir.

Á árinu var hafinn undirbúningur fyrir flutning safnkosts í nýtt Landskerfi bókasafna, Gegni. Byrjað var að tengja eintök inn í þann gagnagrúnn í maí 2004. Gekk sú vinna vel og í árslok var ákveðið að hefja útlán úr nýju tölvukerfi í lok janúar 2005.

Í árslok voru um 5.500 lánþegar skráðir í tölvukerfi safnsins. Á árinu voru skráðir um 500 nýir lánþegar í safnið. Heildarútlán ársins voru 72.280 eintök og er það um 7,5% aukning frá árinu á undan. Að meðaltali voru lánaðar um 15,7 bækur á hvern íbúa á Seltjarnarnesi á árinu miðað við 14,6 bækur árið 2003.



Á árinu var boðið upp á sögustundir fyrir 3ja til 6 ára börn á miðvikudögum milli klukkan 15:00 og 15:40, þó ekki yfir sumarið. Í sögustundum er aðaláherslan lögð á upplestur úr bókum en einnig er teiknað, lítað, leikið, hlustað á tónlist og horft á áhugaverða þætti.

Hinar ýmsu deildir leikskóla bæjarins komu reglulega í heimsókn og hefur komum þeirra fjölgað mikið eftir flutninginn á Eiðistorg. Ágæt samvinna hefur skapast milli leikskóla bæjarins og bókasafnsins og stefnt er að því að efla hana enn frekar. Safnkynningar fyrir Mýrahúsaskóla og Valhúsaskóla voru ekki eins margar og að var stefnt en aðalástæða þess var verkfall kennara síðastliðið haust. Bókakynningar voru í desember í samvinnu við Mýrahúsaskóla og Valhúsaskóla. Þar komu margir af bestu barnabókahöfundum okkar í heimsókn og má þar nefna Guðrúnu Helgadóttur og Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Kynningin var vel sótt af börnum og foreldrum þeirra.

Í október var Bangsadagurinn að venju en þá er alltaf sérstök dagskrá á bókasafninu. Tvær getraunir voru á árinu, páskagetraun þar sem páskæggi voru í verðlaun og bangsagetraun þar sem bangsar voru í verðlaun. Mikil þátttaka var í getrauninum og eru vinsældir þeirra miklar bæði hjá börnum og fullorðnum. Þema Norrænu bókasafnavikunnar árið 2004 var Einu sinni var í Norðri þar sem sótt var í rætur norrænnar menningar. Áherslan var á einn af fremstu sagnameisturum Norðurlandanna, sjálfan H.C. Andersen en árið 2005 eru liðin 200 ár frá fæðingu hans. Ákveðið var að taka forskot á sæluna og halda upp á afmælið árið 2004 og þá í Norrænu bókasafnavikunni. Bókasafnið var með útstillingu á bókum H.C. Andersen og fróðleiksmola um líf hans og rithöfundarferil. Einnig var efnt til samkeppni um frumsamið ævintýri og veitt voru verðlaun fyrir bestu sögurnar. Pantadar voru brúður frá H.C Andersen búðinni í Kaupmannahöfn og vöktu þær mikla lukku hjá vinningshöfum. Þær sem eftir voru prýða nú barnadeildina.

### **MENNINGARNEFND**

Við upphaf árs fór formaður í yfirreið um bæinn ásamt Ásdísi Ólafsdóttur listfræðingi til að yfirfara og skoða listaverk bæjarins. Alls fundust 14 óskráð verk í eigu bæjarins. Enn fremur ákvað menningarnefnd að gefa út í einu hefti pistla Ásdísar „Listaverk mánaðarins“ þar sem finna má umfjöllun

Ásdísar um að minnsta kosti 24 verk ásamt skrá yfir öll önnur verk í eigu Seltjarnarnesbæjar. Ennfremur var reifuð sú hugmynd að halda yfirlitssýningu á völdum verkum bæjarins og varð sú hugmynd að veruleika í byrjun árs 2005.

Laugardaginn 10. janúar var bæjarlistamaður 2004 útnefndur við hátíðlega athöfn á Bókasafninu á Eiðistorgi. Fyrir valinu varð Margrét Helga Jóhannsdóttir leikkona.

Síðla árs 2003 skipaði menningarnefnd starfshóp um Náttúrugripasafn. Í lok apríl 2004 skilaði hópurinn skýrslu þar sem lagður var til flutningur Náttúrugripasafnsins úr Valhúsaskóla yfir á bókasafnið. Vinnuhópurinn lagði enn fremur til að flutningurinn færi fram í áföngum. Rökin fyrir flutningnum voru meðal annars aukið aðgengi almennings að sýningargripunum. Í þeim tilgangi var sérsmíðaður skápur sem stendur við annan innganginn í safnið og hafist handa við flutninginn fyrri hluta árs 2004. Búið er að koma fyrir hluta gripanna en útfærsla á sýningu er ekki fullmótuð.

Menningarnefnd hélt að sér höndum í kaupum á listaverkum fyrstu tvö starfsár sín en lagði þess í stað áherslu á að kynna fyrir bæjarbúum þau mörgu og merkilegu verk sem þegar eru í eigu bæjarins. Jafnframt var stefnt að kaupum á útilistaverki á seinni hluta starfstíma nefndarinnar. Með það í huga hefur nefndin skoðað verk ýmissa listamanna. Í byrjun árs 2004 hófst svo markviss vinna að kaupum á útilistaverki. Nefndin var einróma um að panta verk sem bæði væri nútímalegt og unnið út frá náttúru Seltjarnarness hjá völdum listamanni. Æskileg staðsetning var á strandlengjunni norðanmegin Nessins.

Eftir samráð við listfræðingana Auði Ólafsdóttur og Ásdísi Ólafsdóttur voru 8 myndhöggvarar valdir til skoðunar. Varði menningarnefnd góðum tíma í að fara yfir þau gögn og upplýsingar sem myndhöggvararnir sendu til skoðunar. Þrír myndhöggvarar voru síðan valdir og beðnir um að senda inn hugmyndir að verkum. Fyrsta tillagan sem nefndinni barst náði hylli allra nefndarmanna og voru kaupin einróma samþykkt á fundi 9. september 2004. Væntanlegt verk er eftir Ólöfu Nordal og mun verða staðsett við Kisuklappir skammt frá hákarlaskúrnum. Rétt er að taka fram að varamaður Neslistans Sonja B. Jónsdóttir myndlistarmaður var nefndinni innan handar meðal annars um listsögulegt samhengi.

Vegna staðsetningar og eðli verksins þurfti að sækja um leyfi frá skipulags- og mannvirkjanefnd sem aftur bað um umsögn umhverfisnefndar sem þurfti að afla umsagnar Fornleifaverndar, Umhverfisstofnunar og heilbrigðisfulltrúa Kjósarsvæðis. En áður en aðventan gekk í garð var málið í höfn. Verkið verður greitt á þremur árum og var fyrsta greiðsla innt af hendi í lok árs 2004.

Hitaveita Seltjarnarness mun taka þátt í uppsetningu verksins og lýsir menningarnefnd yfir ánægju með þá samvinnu. Útilistaverkið sem hlotið hefur vinnuheitid „Kvika“ verður vígt á menningarhátíð 2005.

Eitt af verkefnum menningarnefndar er að veita styrki til menningarstarfssemi. Meðal styrkþega ársins 2004 eru Selkórinn, Leiklistarfélag Seltjarnarness, Listahátíð Seltjarnarnesskirkju og Ungmennatónleikar á Seltjarnarnesi til styrktar BUGL.

Menningarnefnd stóð fyrir Jónsmessugöngu að venju og var þátttaka framfar vonum þar sem veðrið var fremur kuldalegt.

Rúmlega 100 manns tóku þátt en Kristján Sveinsson sagnfræðingur og einn höfundarinnar Vitar á Íslandi leiddi gönguna og sagði sögu vitavardanna og vitans í Gróttu. Hitaveita Seltjarnarness bauð göngufólki upp á

hressingu og gangan endaði með fjörubáli, harmónikkuleik og söng.

Síðustu vikum ársins 2004 varði menningarnefnd til að fara í gegnum umsóknir listamanna og velja bæjarlistamann fyrir komandi ár.

## ÍPRÓTTA-, ÆSKULÝÐS- OG TÓMSTUNDASVIÐ

Ípróttta-, æskulýðs- og tómstundasvið Seltjarnarnesbæjar er annar stærsti málaflokkur bæjarfélagsins og heyrir undir æskulýðs- og ípróttaráð. Það er skipað 5 fulltrúum en daglegur rekstur málaflokksins er í höndum framkvæmdastjóra sviðsins sem hefur aðsetur í ípróttamiðstöðinni.

### ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐ SELTJARNARNESS

Til Ípróttamiðstöðvar Seltjarnarness teljast ípróttasalir, sundlaug og knattspyrnuvelli. Vinna við gerð aðal- og deiliskipulags bæjarins tengist Ípróttamiðstöðinni mikið en segja má að svæðið í kringum hana sé miðdepillinn í nýju deiliskipulagi. Samkvæmt drögum að skipulaginu mun gervigrasvöllur rísa á Hrólfsskálamel. Mikil sérstaða liggur í því að hafa þjónustu grunnskólabarna alla á einum bletti og mikið öryggi fyrir foreldra að börn þeirra geti sinnt skóla og tómstundum á sama blettinum. Í tímatöflu Gróttu er reynt eftir fremsta megni að tryggja að yngstu hóparnir geti stundað æfingar sínar í beinu framhaldi af skóla.

Starfsemi Ípróttamiðstöðvar er fjölbreytt og er hluti húsnæðis hennar leigður til ýmissa hópa og einstaklinga eins og leikfimiþópa, starfsemi ballettskóla, nuddstofu og fóttaaðgerðarstofu.

### ÍPRÓTTAHÚS

Stöðug aukning iðkenda í þremur deildum Gróttu hefur orðið til þess að aðsókn að húsinu hefur stórukaust. Nú er svo komið að segja má að allar vistarverur séu fullnýttar frá morgni til kvölds með sífelldum stökkandi hópum innan deilda Gróttu.

Viðhaldsframkvæmdir voru í lágmarki á árinu 2004 eins og undanfarin ár. Við fyrirhugaðar nýframkvæmdir við gervigrasvöll og sundlaug er áformað að byggja nýja búningsklefa í tengslum við þá sem fyrir eru.

Á árinu voru 263 tímar til ráðstöfunar á viku í húsinu. Gróttu nýtti 169 tíma, skólarnir 66 tíma og almenningur 28 tíma.

### SUNDLAUG

Á árinu var viðhald sundlaugar í minna lagi eins og í ípróttahúsinu sökum fyrirhugaðra breytinga. Það er ljóst að mikið af þeim viðhaldsaðgerðum sem nauðsynlegar eru, svo sem ýmsar þakviðgerðir, lekavandamál og endurnýjun flísa, tvinnast saman við fyrirhugaðar nýframkvæmdir sem standa fyrir dyrum á haustmánuðum. Hefja á aðgerðir í október eða nóvember og byrjað verður á útsvæðinu og búningsklefum. Það verður ekki hjá því komist að loka lauginni um óákveðinn tíma meðan á aðgerðum stendur.

Aðsókn að sundlaug dróst lítillega saman í fyrsta skipti síðan 1996. Helstu ástæðurnar má rekja til skorts á barnaáðstöðu og öll aðstaða er farin að láta á sjá sökum lágmarks

viðhalds undanfarin ár. Laugin heldur í marga fastagesti til dæmis sökum sérkenna vatnsins, hitastigs laugar, viðmóts starfsmanna og góðrar þjónustu við sundlaugargesti. Einnig hefur myndast sterkur kjarni fólks er sækir vatnsleikfimi sem er í boði endurgjaldslaust fjórum sinnum í viku undir handleiðslu sjúkrahjálfa. Alls komu um 132.000 gestir í laugina á árinu 2004.

### KNATTSPYRNUVELLIR

Tveir knattspyrnuvelli eru á Seltjarnarnesi. Annars vegar grasvöllurinn á Valhúshæð og hins vegar malarvöllurinn við Suðurströnd. Grasvöllurinn fór illa sumarið 2002 og var því ráðist í sérstakar aðgerðir til þess að lagfæra hann. Það tókst með ágætum en þó er nokkuð í land að hann verði góður. Áætlað er að um þriggja til fjögurra ára lagfæringar þurfi á veltinum áður en kemur að því að skipta alveg um yfirborð og lagfæra undirlag vallarins. Ástæður lélegs ástands er mikil notkun frá morgni til miðnættis. Gervigrass vantar bæði til þess að létta á Valhúsavelli og ípróttahúsum sem og öðrum völlum bæjarins.

### ÍPRÓTTAMENN SELTJARNARNESS 2004

Kjör ípróttamanna Seltjarnarness fór fram í febrúarmánuði og var mikið fjölmenni saman komið af því tilefni. Þetta kjör hefur verið árviss viðburður í nokkur ár í umsjón ÆSÍs sem vill með þessu vekja athygli á gildi ípróttta, stuðla enn frekar að öflugu ípróttalífi á Seltjarnarnesi og láta ípróttafólk vita að bæjarfélagið styður við bakið á því. Við sama tækifæri voru veittar viðurkenningar fyrir ungt og upprennandi ípróttafólk.

Ípróttamenn Seltjarnarness árið 2004 eru Harpa Snædís Hauksdóttir fimleikakona og Páll Þórólfsson handknattleiksmaður.

### FÉLAGSMIÐSTÖÐIN SELIÐ

Aðalstarfsemi félagsmiðstöðvarinnar er yfir vetrartímann. Þá er megináherslan lögð á tómstundastarf unglinga svo sem böll, klúbbastarf, námskeið, fyrirlestra, forvarnarstarf, útvarpssendingar, ferðalög og fleira. Selid er aðallega opið unglingum á aldrinum 13-16 ára en þó taka yngri börn líka þátt í starfinu að einhverju leyti. Einnig er þar starf fyrir eldri borgara.

Sú nýjung var á haustönn 2004 að kennsla hófst í valáfanga í félagsmálafræði fyrir 9. og 10. bekk og kemur sá áfangi í stað nemendaráðs. Það er Nilsina Larsen Einarsdóttir frá Selinu sem annast þá kennslu og hefur hún reynst mjög vel. Nemendur í félagsmálafræði sækja tíma í fræðunum einu sinni í viku, tvær kennslustundir í senn, þar sem þau læra um félagsmál, hvernig eigi að skipuleggja viðburði, ábyrgð og framkvæmd ásamt ýmsu öðru er tengist félagsmálum. Dagskrá félagslífs og framkvæmd hennar er svo unnin af bekknum og er í þeirra höndum undir leiðsögn Nilsinu og annarra starfsmanna Selsins.



Vetrarstarfi félagsmiðstöðvarinnar lauk í byrjun júní og hófst þá undirbúningur fyrir sumarstarfið en það eru meðal annars sumarnámskeiðin sem haldin eru fyrir 6 - 12 ára börn. Smíðavöllurinn var staðsettur við Vallarbraut og var starfræktur í samstafi við Steinunni Árnadóttur garðyrkjustjóra bæjarins. Námskeiðin voru vel sótt og var heildarfjöldi þátttakenda um 338 börn.

Samvinna skólanna og Selsins hefur verið mjög góð undanfarin ár og hefur engin breyting orðið þar á. Forstöðu- og aðstoðarforstöðumaður sitja reglulega fundi með skólastjórn þar sem farið er yfir einstaka málaflokka og aðgerðir samræmdar. Selið sér einnig um eineltisfræðslu í 8. bekk og hafa starfsmenn einnig tekið að sér að sinna yfirsetu og farið með í skipulagðar ferðir.

Eins og undanfarið var samstarf foreldrafélags Valhúsaskóla og Selsins vegna sameiginlegs ferðalags 10. bekkjar endurtekið síðastliðið vor eftir að samræmdum prófum lauk. Fóru þá tveir starfsmenn Selsins ásamt einum starfsmanni skóla og einu foreldri í ferðalag á Snæfellsnes með 57 unglunga. Var sú ferð ævintýrleg í alla staði.

Starfsemi í húsinu er nær alla daga vikunnar, því ýmsir félagahópar á vegum Seltjarnarnesbæjar hafa fengið að nýta sér aðstöðuna í Selinu. Má þar nefna Trimmklúbbinn sem hefur verið með fyrirlestra á laugardagsmorgnum og ýmsa íþróttahópa frá Gróttu sem notað hafa aðstöðuna fyrir fundi eða skemmtidagskrár. Unglingahljómsveitir fengu einnig að æfa um helgar. Nokkur bekkjarkvöld Mýrarhúsaskóla hafa verið haldin í Selinu auk barnaafmæla og einnar fermingarveislu. Eldri borgarar hafa nýtt sér aðstöðu Selsins tvo morgna í viku til þess að koma saman og spila billjard.

Öskudagsskemmtunin er samvinnuverkefni Æskulýðs- og Íþróttaráðs, Selsins og foreldrafélags Mýrarhúsaskóla. Framkvæmdaaðilar eru félagsmiðstöðin Selið og foreldrafélag Mýrarhúsaskóla. Ein skemmtun var haldin í „litla íþróttasalnum“ fyrir börn 12 ára og yngri. Skemmtunin heppnaðist vel, mæting var mjög góð og allir skemmtu sér hið besta. Kötturinn var sleginn úr tunnunni, þrautabraut og leiktæki voru í boði en einnig voru skemmtiatriði frá



unglingum, bæði dans og söngur og einnig komu leikarar úr barnaleikritinu „Ávaxtakarfan“. Hilmar og Lárus Guðjónssynir sáu um að kynna skemmtunina, stjórna fjöldsöng, sýndu töfrabröggð og margt fleira.

Selið sá í ár um skipulagningu og dagskrá á hátíðarhöldum Seltjarnarnesbæjar á sumardaginn fyrsta ásamt íþróttafélaginu Gróttu. Boðið var upp á fjölbreytta og blandaða dagskrá utandyra sem innan. Hátíðin var mjög vel sótt og heppnaðist vel í alla staði.

Selið sá um skipulagningu og dagskrá á hátíðarhöldum Seltjarnarnesbæjar á 17. júní. Boðið var upp á skemmtun á Eiðistorgi en nánast öll skemmtiatriði voru flutt af Seltirningum en einnig voru nokkur aðkeypt skemmtiatriði. Góður rómur var gerður að hátíðinni sem var fjölsótt.

Foreldraröltið er starfrækt yfir vetrarmánuðina og er rölt á föstudags- og laugardagskvöldum. Skipulag er unnið af Selinu í samvinnu við foreldrafélag Valhúsaskóla. Bekkjaráðsfulltrúar 8., 9. og 10. bekkjar fá úthlutað ákveðnum helgum en fulltrúarnir raða sjálfir foreldrum á vaktir og eru tengiliðir við Selið. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð og er þátttaka í foreldraröltinu betri fyrir vikið.

## FÉLAGSSVIÐ

Félagsþjónustan er til húsa í Mýrarhúsaskóla eldri við Nesveg upp af bæjarskrifstofum.

Starfsmenn á skrifstofu félagsþjónustu eru félagsmálastjóri, félagsráðgjafi, öldrunarfulltrúi og ritari í hlutastarfi. Á skrifstofunni er veitt ráðgjöf og tekið við umsóknum um félagslega þjónustu, unnið úr þeim og lagt mat á þörf fyrir þjónustu. Starfsmenn félagsþjónustu starfa einnig að barnavernd og er skrifstofan því einnig skrifstofa barnaverndarnefndar.

### FÉLAGSMÁLARÁÐ

Félagsmálaráð starfar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og fer með verkefni barnaverndarnefndar samkvæmt barnaverndarlögum. Þá fer ráðið með verkefni jafnréttisnefndar, samanber lög um jafna stöðu og jafnan rétt

kvenna og karla. Ráðið er skipað fimm aðalmönnum. Það heldur að jafnaði fundi einu sinni í mánuði en oftast ef brýn mál ber að. Ráðið hélt 11 fundi á árinu.

### FJÖLDI ÞJÓNUSTUPEGA

Öll erindi sem berast til félagsþjónustunnar eru skráð og í flestum tilvikum ber ákveðinn starfsmaður ábyrgð á úrvinnslu erindisins. Upplýsingar sem fólk veitir um persónuleg málefni eru trúnaðargögn og varðveitt þannig. Rík áhersla er lögð á að veita trausta og faglega þjónustu og reynt er að mæta þörfum bæjarbúa eftir því sem lög, reglur og samþykktir kveða á um.

Í kringum 550 fjölskyldur nutu félagslegrar þjónustu á árinu. Þar af leituðu 316 fjölskyldur eftir sértækri félagslegri þjónustu af ýmsum toga. Aðrir þjónustubættir félagssviðs eru



almenns eðlis svo sem niðurgreiðslur vegna dagvistar barna hjá dagmæðrum, matarsendingar og mótuneytisþjónusta aldraðra og öryrkja sem og félags- og tómstundastarf aldraðra. Alls nýttu um 230 fjölskyldur sér þessa almennu þjónustuliði.

### **BARNAVERND**

Á árinu unnu starfsmenn að málum 36 fjölskyldna á grundvelli barnaverndarlaga. Beitt var úrræðum eftir málsatvikum, lögd áhersla á stuðning við börn og foreldra og lausnarmiðaða málsmeðferð. Í nokkrum tilvikum voru börn vistuð á meðferðarheimilum og einnig voru nokkur börn í skemmri vistun utan heimilis. Unglingar sem eru í vímuefnaneyslu hafa í sumum tilvikum nýtt sér meðferðarúrræði sem sérstaklega eru ætluð þeim sem eru í neyslu.

### **FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF – FJÁRHAGSAÐSTOÐ**

Félagsleg ráðgjöf vegna mála af ýmsum toga var veitt 76 fjölskyldum. Af þeim sóttu 48 um fjárhagsaðstoð en 46 fengu samþykktu aðstoð, 44 fjölskyldur fengu fjárhagsaðstoð sem styrk og 5 þeirra einnig aðstoð veitta sem lán. Að auki fengu 2 fjölskyldur lán eingöngu enda sótt um aðstoðina í því formi. Til fjárhagsaðstoðar var varið 6.193.703 kr. Beinir styrkir voru 5.841.338 kr. en útgjöld vegna lána voru 352.365 kr. að teknu tilliti til endurgreiðslna. Er þetta lægri fjárhæð en varið var árið áður til aðstoðar en þörf fyrir fjárhagsaðstoð getur sveiflast mjög milli ára.

### **HÚSALEIGUBÆTUR**

Alls sóttu 78 fjölskyldur um húsaleigubætur á árinu og 76 fengu samþykktar bætur. Er þetta nokkur fækkun frá árinu áður en þá fengu 87 fjölskyldur húsaleigubætur. Húsaleigubætur eru tekju- og eignatengdar. Fjárhæð bóttanna fer eftir fjölskyldustærð og leigufjárhæð. Bæturnar eru skattfrjálssar. Þær eru greiddar þeim sem leigja íbúðarhúsnæði en einnig fá nemendur sem leigja herbergi á nemenda- eða stúdentagörðum og íbúar á sambýlum fyrir fatlaða húsaleigubætur. Samtals var varið 8.126.863 kr. í bæturnar en það er um hálfri milljón lægri fjárhæð en greiddar húsaleigubætur árið áður. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga endurgreiddi bænum 3.250.744 kr. eða 40%. Dregið hefur úr þátttöku Jöfnunarsjóðs í húsaleigubótunum en þegar mest var greiddi sjóðurinn 60% af bótunum.

### **HEIMILISÞJÓNUSTA**

Heimilisþjónusta var veitt á 118 heimilum á árinu. Þjónustan er veitt öldruðum, öryrkjum og öðrum þeim sem ekki geta annast dagleg heimilisstörf. Heimahjúkrun á vegum heilsugæslunnar veitir líka aðstoð á sumum af þessum heimilum. Heimilisþjónusta og heimahjúkrun gerir öldruðum og fötluðum eða veikum kleift að búa lengur á eigin heimili fremur en að dvelja á stofnunum. Að meðaltali voru unnin 7,5 störf í þágu heimisþjónustu.

### **FERÐAÞJÓNUSTA**

Á árinu voru alls eknar 6257 ferðir með fatlaða og aldraða sem þurfa á sértækri þjónustu að halda. Ferðum er úthlutað samkvæmt ákveðnum reglum og er hver umsókn metin með hliðsjón af fötlun og þörf á ferðafjölda. Notendur greiða sjálfir sem nemur fargjaldi með strætó fyrir hverja ferð. 34 aðilar fengu ferðaþjónustu á árinu, af þeim voru 14 öryrkjar, 12

ellilífeyrisþegar og 8 fötluð börn. Ferðafjöldi jókst um 400 ferðir frá fyrra ári.

### **LIÐVEISLA VIÐ FATLAÐA**

Liðveisla er veitt samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Markmiðið með liðveislu er að rjúfa einangrun fatlaðra, gera þeim kleift að njóta menningar og afþreyingar og komast út meðal fólks. Alls nutu 20 aðilar liðveislu á árinu, bæði börn og fullorðnir. Sumarnámskeið á vegum Æskulýðs- og íþróttaráðs Seltjarnarness fengu 800.000 kr. styrk af rekstrarlið liðveislu til þess að launa stuðningsfulltrúa fyrir fötluð börn sem tóku þátt í námskeiðunum.

### **ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐA**

Á Skólabraut 3 - 5 eru 38 verndaðar þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Flestar íbúðirnar eru eignaríbúðir en einnig eru þar nokkrar leiguíbúðir. Eigendaskipti urðu á tveimur íbúðum á árinu og ein leiguíbúð með hlutdeildareign var leigð út. Seltjarnarnesbær úthlutar íbúðunum og annast endursölu þeirra. Bærinn kostar húsvörslu allan sólarhringinn. Í Eiðismýri 30 eru 26 þjónustuíbúðir fyrir 60 ára og eldri. Allar íbúðirnar þar eru eignaríbúðir. Húsvörður er þar í hlutastarfi og er hann starfsmaður bæjarins. Samtals eru 64 íbúðir í bæjarfélaginu sérstaklega ætlaðar öldruðum.

Öldruðum stendur til boða að fá keyptan mat alla daga vikunnar í matsal í þjónustukjarna á Skólabraut 3 - 5. Alls voru seldar 6163 máltíðir á árinu. Þar af voru 2118 máltíðir sendar á heimili fólks sem ekki gat matast í mótuneytinu.

Í þjónustukjarna er boðið upp á leikfimi tvisvar í viku og boccia einu sinni í viku. Þar er hárgreiðslustofa opin einn dag í viku. Boðið er upp á fót snyrtingu hjá fótaaðgerðafræðingi í íþróttamiðstöðinni sem er örstutt frá íbúðum aldraðra. Sérúið bað og aðstaða er fyrir þá sem þarfnast aðstoðar við böðun. Sjúkraliði annast þessa þjónustu.

Félagsstarf aldraðra fer einnig fram í þjónustukjarna í íbúðum aldraðra. Í janúar og september ár hvert er eldri borgurum send dagskrá yfir starfsemina. Margs konar handavinna, fræðsla og afþreying er í boði. Einnig er boðið upp á ferðalög og leikhúsförðir.

### **VISTUNARMÁL ALDRAÐRA**

27 aldraðir voru á vistunarskrá á árinu. Þar af voru 22 metnir í þörf fyrir að fá vistun á hjúkunarheimilum en 5



í þörf fyrir dvalarheimili. Á árinu fengu 6 vistun, allir í hjúkrunarrými. Þá voru í árslok nokkrir tímabundið á sjúkrastofnunum á meðan beðið var eftir plássi á hjúkrunarheimili.

Seltjarnarnesbær á 14 rými á hjúkrunarheimilinu Eir sem bærinn greiddi þegar heimilið var byggt. Eru þau öll notuð. Þá á bærinn 3 rými á Hrafnistu í Reykjavík. Undirbúningur hófst að byggingu hjúkrunarheimilis á Lýsislóð í samvinnu við Reykjavíkurborg og miðar vel. Heilbrigðisráðuneytið hefur heimilað byggingu hjúkrunarheimilis á lóðinni.

Unnið var að opnun dagvistar fyrir aldraða á Skólabraut 5 og í árslok var búið að ráða forstöðumann og starfsemin í þann mund að fara af stað.

### **DAGGÆSLUMÁL**

Það starfa 6 dagmæður á Seltjarnarnesi. Í desember voru 29 börn í daggæslu hjá þeim. Börn sem dvelja hjá dagmæðrum eru undantekningarlaust á aldrinum eins til tveggja ára. Daggæsla barna hjá dagmæðrum er niðurgreidd. Niðurgreiðslur voru hækkaðar um 35% á árinu og niðurgreiðslur til námsmanna hækkuðu um 74%. Á árinu var varið 2.903.412 kr. til niðurgreiðslna daggæslugjalda.

### **FÉLAGSLEG HÚSNÆÐISMÁL**

Afgreiðsla viðbótarlána var helsta verkefnið á sviði félagslegra húsnæðismála. Alls sóttu 23 um viðbótarlán á árinu. Samþykkt voru lán fyrir 44,3 milljónir en árið áður voru samþykkt lán fyrir 51,8 milljónir. Lánin koma til viðbótar húsréttisfálánum hjá þeim sem rétt eiga á að fá allt að 90% af verði íbúðarinnar lánað. Í ágúst hófu bankarnir að lána 90% af verði íbúða og eftir það sóttu aðeins tveir um viðbótarlán. Í desember hættu sveitarfélagin að úthluta viðbótarlánum



því að lánareglur Íbúðalánasjóðs breyttust og geta nú allir sótt um 90% og jafnvel 100% lán til íbúðakaupa. Bæði Íbúðalánasjóður og bankarnir veita slík lán.

Önnur verkefni í félagslegum húsnæðismálum eru umsóknir með umsóknum og úthlutanir leiguíbúða í eigu bæjarins. Leigjendaskipti urðu á tveimur íbúðum.

### **JAFNRÉTTISMÁL**

Jafnréttisnefnd hélt 6 fundi á árinu. Nefndin lét vinna úttekt þar sem fram komu tölfraeðilegar kyngreindar upplýsingar um stöðu karla og kvenna í stjórnýslu bæjarins, hvernig jafnréttisfræðsla væri háttad í skólum og hvernig staðið væri að jafnréttismálum á vinnustöðum Seltjarnarnesbæjar. Var úttektin lögð fram sem skýrsla til bæjarstjórnar og kynnt öðrum hlutadeigandi aðilum.

Hafin var vinna við endurskoðun jafnréttisáætlunar. Unnið var að skipulagningu jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum samkvæmt jafnréttisáætlun. Í lok ársins var farið yfir tilnefningar sem bárust frá starfsmönnum og stjórnendum þeirra fyrirtækja og stofnana í bæjarfélaginu sem mest hafa unnið að framgangi jafnréttismála.

### **ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVARNIR/FORVARNIR**

Samráðshópur skipaður fulltrúum frá félagsþjónustu, félagsmiðstöð, lögreglu, kirkju, heilsugæslustöð og flestóllum stofnunum bæjarfélagsins sem sinna börnum og unglíngum hittist reglulega nokkrum sinnum á ári og markar stefnu og aðgerðir í vímuvarnum. Er þetta fjölskipaður hópur sem hefur starfað í átta ár. Vímuvarnaráætlun er til endurskoðunar og stefnt að því að hún verði hluti af fjölskyldustefnu bæjarfélagsins sem er í mótun. Margvíslegt forvarnarstarf var unnið í skólunum og einnig í félagsmiðstöðinni Selinu.

## **TÆKNI- OG UMHVERFISVIÐ**

### **SKIPULAGSMÁL**

Á árinu 2004 var haldið áfram vinnu við breytingu á aðalskipulagi bæjarins í samvinnu við ráðgjafarfyrirtækið Alta. Ennfremur unnu ráðgjafarfyrirtækin VSÓ ráðgjöf og Hornsteinar í samvinnu við arkitektastofuna Schmith, Hammer og Lassen áfram að tillögu að deiliskipulagi fyrir Hrólfsskálamel og Suðurströnd.

Þann 29. apríl var boðað til kynningarfundar í Seltjarnarneskirkju þar sem landnotkun á miðbæjarsvæði, forsendur aðalskipulags og hugmyndir að deiliskipulagi svæðisins voru kynntar. Fundurinn var vel sóttur og mættu um 350 bæjarbúar á fundinn.

Á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 22. júní var samþykkt samhljóða tillaga að breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981-2001. Á fundi sínum þann 30. júní samþykkti bæjarstjórn síðan samhljóða að auglýsa tillögu að verulegri breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarness 1981-

2001 ásamt greinargerð um nýtingu lands á Hrólfsskálamel og Suðurströnd.

Á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 16. júlí var tillaga Hornsteina og VSÓ að deiliskipulagi Hrólfsskálamels og Suðurstrandar samþykkt með atkvæðum meirihluta en fulltrúar minnihluta sátu hjá. Á fundi sínum þann 21. júlí samþykkti bæjarstjórn að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Hrólfsskálamels og Suðurstrandar.

Að loknum lögbundnum athugasemdafresti var ráðgjöfunum falið að svara þeim athugasemdum sem borist höfðu við skipulagstillögurnar.

Á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 21. október var eftirfarandi breytingartillaga ásamt umsögnum um athugasemdir samþykkt:

„Skipulags- og mannvirkjanefnd Seltjarnarness samþykkir áður auglýsta tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarness 1981-2001, Hrólfsskálamelur/Suðurströnd, með þeim breytingum að heildarfjöldi íbúða á öllu svæðinu verði lækkaður úr 180 í 150 og að hámarksnýtingarhlutfall (NH) á svæði við Suðurströnd verði lækkað úr 0,85 í 0,7 (bílageymslur neðanjarðar ekki meðtaldar)“

Breytingartillagan ásamt umsögnum var síðan staðfest í bæjarstjórn þann 25. október.

Auk vinnu við aðal- og deiliskipulag sem voru megin viðfangsefni skipulags- og mannvirkjanefndar á árinu 2004, fjallaði nefndin um ýmis önnur verkefni.

Má þar nefna útfærsla Ragnhildar Skarphéðinsdóttur landslagsarkitekts á bæjarhlíði við Vegamót, þátttaka skipulags- og mannvirkjanefndar í mótun fjölskyldustefnu Seltjarnarnessbæjar, kaffihús í Snoppu, nýtt leiðakerfi Strætó bs., staðsetningu sparkvallar samkvæmt samningi við KSÍ, staðsetningu útlistaverks við Kisuklappir, hönnun á nánasta umhverfi Nesstofu og lokafrágang á deiliskipulagi Vesturhverfis.

### **BYGGINGARMÁL**

Eins og fram hefur komið einkennist staða byggingarmála á Seltjarnarnesi af því að bærin er að mestu fullbyggður samkvæmt gildandi skipulagi. Ekki var hafin bygging nýrra húsa á árinu. Lokið var við smíði þriggja íbúða.

Eins og jafnan var viðhald og endurbætur í stofnunum bæjarins fyrirferðarmikill þáttur í verkefnum tækni- og umhverfissviðs.

Í Valhúsaskóla var lokið við stækkun anddyris. Ennfremur fóru fram miklar endurbætur á myndmenntastofu og húsgöng endurnýjuð. Aðalhönnuður framkvæmdanna var Vilhjálmur Hjálmarsson arkitekt.

Í Mýrarhúsaskóla var hafist handa eftir að skóla lauk í júní við innréttingu skólamötuneytis í tengslum við samkomusal skólans. Aðal hönnuðir framkvæmdanna voru Anna Margrét Hauksdóttir arkitekt, Gunnsteinn Guðmundsson rafmagnstæknifræðingur og Ólafur Þorbjörnsson vélaverkfræðingur. Skólamötuneytið var tekið í notkun í upphafi skólaárs.

Á fyrrihluta ársins voru boðnar út framkvæmdir við stækkun Tónlistarskólans. Um er að ræða 303m<sup>3</sup> húsnæði sem áður hýsti bókasafnið ásamt nokkrum breytingum í eldra húsnæði skólans. Samið var við lægstbjóðanda Birgi Reynisson húsasmíðameistara. Framkvæmdir hófust í apríl og gengu vel og var þeim lokið í upphafi skólaárs. Aðalhönnuður framkvæmdanna var Jes Einar Þorsteinsson arkitekt.

### **VERKLEGAR FRAMKVÆMDIR**

Starfsmenn áhaldahúss starfa við viðhalds- og þjónustuvinnu við bæjarbúa og stofnanir bæjarins. Á árinu var unnið að viðhaldi í dreifikerfum vatnsveitu, hitaveitu og fráveitu. Víða var unnið að frágangi, þökulögnum og almennri viðhaldsvinnu við bæjarstofnanir og í gatnakerfi bæjarins. Einnig sá áhaldahúsið um viðhald strætisvagnaskýla eins og áður.

Hús gamla Ísbjarnarins við Suðurströnd 6 var rífið síðastliðið sumar. Áhaldahúsið sá um að aftengja veitur bæjarins og rýma til í húsunum, en verktaki var ABL Tak ehf.

### **VIÐHALD GATNAKERFIS OG MALBIKUN**

Helstu verkþættir í malbikun voru viðgerðir á malbiki og lagning yfirlags á götur. Unnið var að viðgerðum malbiks víða í götum bæjarins. Lagt var malbiksyfirlag á Látraströnd og á Vesturströnd frá beygju að norðvestan að enda sunnanmegin.

Verktaki við malbikun og holuviðgerðir var Malbik og Völtun ehf. Kantsteinn var lagður sunnanmegin meðfram Suðurströnd frá Bakkavör að Nesbala. Því verki fylgdi að leggja nýja regnvatnslögn og yfirborðsfrágangur meðfram götu. Vegur á Norðurströnd frá Bygggörðum að Snoppu var malbikaður og þökulagt meðfram götu.

Á árinu 2004 var unnið að almennu viðhaldi á umferðarmerkjum og málningu á merkingu gatna. Endurnýjuð og fjölgað var 30 km hraðamerkingum á götur í íbúðarhverfum.

### **GANGSTÉTTIR OG GANGSTÍGAR**

Við Hæðarbraut var gangstétt endurnýjuð sunnanmegin. Víða í götum bæjarins voru bútar endurnýjaðir og viðgerðir á gangstéttum og kantsteinum framkvæmdar. Steyptar voru niðurtektir í gangstéttar til að greiða fyrir umferð fatlaðra. Göngustígur á milli Eiðismýrar og Suðurmýrar var hellulagður. Verktaki við gangstéttar var Gísli Magnússon. Við aðkomu í bæinn á Nesvegi var unnið að lagfæringum.

Óveður og sjógangur orsökuðu óvenju mikið viðhald á gangstígum í Suðurnesi og víðar á Seltjarnarnesi. Gangstígur á mótis við Barðaströnd sem eyðilagðist í sjógangi var endurnýjaður og malbikaður.

Skilti sem sýnir göngu- og hjólréiðastíga á höfuðborgarsvæðinu var komið upp í grennd við höfnina og var það hluti af sameiginlegu verkefni sveitarfélaganna í nágrenninu.





### FRÁVEITUKERFIÐ

Lögð var regnvatnslögn sunnan megin meðfram Suðurströnd frá Nesbala að smábátahöfninni og komið fyrir niðurföllum. Í dælustöð við Suðurströnd var komið fyrir flóðloku. Skólpdælur voru teknar upp og yfirfarnar í öllum dælustöðvunum í fráveitukerfinu.

Næsti stóri áfangi í fráveitukerfinu er bygging dælustöðvar við Tjarnarstíg. Með byggingu stöðvarinnar kemur til með að nást sá áfangi, að öllu skólpfrárennsli fyrir utan yfirrennsli í úrkomutoppum verður dælt til hreinsistöðvar í Ánanaustum.

### GÖTULÝSING OG UMFERÐARLJÓS

Götulýsing í Hæðarbraut var endurnýjuð. Unnið var að reglubundnu viðhaldi á götulýsingu og umferðarljósum.

### SMÁBÁTAHÖFN

Stígur við höfnina var malbikaður og unnið að yfirborðsfrágangi. Að öðru leyti var eingöngu um að ræða reglubundið viðhald.

### SJÓVARNIR

Í árslok 2003, nánar tiltekið þann 25. nóvember annars vegar og 24. desember hins vegar, gerði mikinn sjógang og urðu þá nokkrar skemmdir á sjóvörnum og stígum víða á Seltjarnarnesi. Á Norðurströnd móts við Barðaströnd voru sjóvarnir styrktar og stígstæði hækkað upp og hliðrað inn í landið. Á nokkrum köflum var steiptur kantur meðfram göngustígum við ströndina til að verjast sjógangi. Í Suðurnesi var slóði meðfram sjóvarnargarði ónýtur á köflum og var hann lagfærður og völlum hreinsaður. Einnig voru Ráðagerðisbakkar lagfærðir.

### VATNSVEITA

Unnið var að viðhaldi, viðgerðum og lekaleit í dreifikerfi vatnsveitu Seltjarnarness. Árlega er unnið að lekaleit og viðgerðum til að halda vatnsnotkun í lágmarki. Allir stofnlokar í Vesturströnd og Látraströnd voru endurnýjaðir og einnig loki á heimæðalögn í Suðurnes á mótum Nesbala og Suðurstrandar. Lagðar voru nýjar heimæðalagnir að Sæbraut 2 og Unnarbraut 26 og 28.

### GARÐYRKJUDEILD

Garðyrkju deild starfar allt árið þó meginþungi starfseminnar sé á sumrin. Verkefni garðyrkju deildar voru með hefðbundnu sniði árið 2004 en eitt af óvenjulegum verkefnum síðasta árs var flutningur á gömlum gróðri úr þeðum við Ísbjörninn á nýja staði.

Veðurfar hefur mikil áhrif á vinnu garðyrkju deildar og var veður síðast liðið sumar gott. Skammt frá smábátabryggju var komið fyrir áningu, bekk og gönguleiðakorti sem lokið verður við í ár.

Lokið var við að ganga frá graskanti meðfram Norðurströnd frá bæjarmörkum að fjöru við Gróttu. Einnig var lokið við þeð í Plútóbrekku og er nú kominn þangað sá gróður sem fyrirhugað er að setja í þessi þeð.

Gróður frá Ísbirninum var meðal annars nýttur þar.

Opnir leikvellir voru yfirfarnir að venju og lagfærðir. Sandkassar voru fjarlægðir og sett leiktæki í staðinn sökum óþrifa og smithættu er fylgir óvörðum sandkössum. Á árinu var lokið við frágang á seinni áfanga endurnýjunar lóðar á Sólbrekku.

Bæjarhlið við Nesveg var reist á vordögum. Hlaðnar voru upp vörður úr grágrýti og þeim komið fyrir beggja vegna Nesvegjar við bæjarmörkin. Hellulagt var umhverfis þær, ljósum komið fyrir í hellulögninni og merki bæjarins komið fyrir í annarri vörðunni.

Bætt var við jólasakrauti á 21 ljósastaur. Viðbrögð við auknum skreytingum hafa verið mjög jákvæð meðal bæjarbúa.

Vinnuskólinn skipti um aðstöðu á árinu. Hann hafði til margra ára verið starfræktur í Ísbirninum en þegar hann var rifinn flutti vinnuskólinn á leikvöllinn við Vallarbraut. Þetta gafst vel og hentar húsnæðið ágætlega. Svipaður fjöldi starfaði við vinnuskólann og árið áður eða rúmlega 200 unglingar. Atvinnuáttak fyrir 17 ára og eldri var áfram starfrækt og fjölgaði nokkuð þeim ungmönnum er fengu vinnu á vegum þess. Öll ungmenni með lögheimili á Seltjarnarnesi sem ekki fengu vinnu annars staðar fengu vinnu hjá bænum.

Smíðavöllur var starfræktur á körfuboltavellinum við Vallarbraut og höfðu börnin og leiðbeinendur aðgang að sama húsnæði og vinnuskólinn. Leiðbeinendur fóru á námskeið í smíði á kofum áður en starfsemin hófst. Gafst þetta mjög vel og voru smíðaðir um 14 kofar og að hverjum þeirra unnu nokkur börn.





## HITAVEITA SELTJARNARNESS

Rekstur hitaveitunnar gekk samkvæmt áætlun árið 2004. Meðalvinnslan árið 2004 var 46,25 l/s. Heildarvinnsla úr jarðhitasvæðinu árið 2004 var svipuð og árið áður. Vinnslan árið 2004 var svipuð og árið 2003. Hún var með svipuðu sniði og fyrri ár eða minni yfir sumarmánuðina en yfir vetrarmánuðina.

Veitustjórn samþykkti á fundi þann 9. júlí 2004 að nýta skýrslu Behrens Capital um verðmat og greiningu á rekstri veitunnar til frekari stefnumörkunar með tilliti til aukins sjálfstæðis og rekstrarlegrar aðgreiningar frá bæjarsjóði Seltjarnarness.

Þann 1. janúar 2004 hækkaði vatnsverð úr 37 krónum í 39 krónur á m<sup>3</sup> vegna samþykktar frá nóvember 2003. Gjaldskrárhækkun tók síðan gildi í nóvember 2004. Þá hækkaði vatnsverð úr 39 kr. í 41 kr. á m<sup>3</sup>. Fastagjald mælis hækkaði úr 180 kr. í 250 kr. á mánuði. Gjaldskrá veitunnar er sem fyrr verulega lægri en annarra sambærilegra veitna í landinu.

Óverulegar breytingar sáust á efnainnihaldi vinnsluvatns úr borholunum en tekið var sýni úr þeim öllum á árinu. Marktækar breytingar sjást ekki á hlutfalli stöðugra samsætna í vinnsluvatninu sem sýnir að ekki eru breytingar á aðstreymissvæði vatnsins. Mældur kísill er hærri í öllum vinnsluholunum en undanfarin ár og jafnframt reiknaður

kalsedónhiti. Kalsedónhiti í holu SN-04 er hærri en mörg undanfarin ár.

Klóríðstyrkur eða selta er með lægsta móti í öllum holunum og rafleiðnimælingar sýna að selta fer ekki hækkandi í vinnsluvatninu. Lægri selta og hærri kalsedónhiti bendir til minni áhrifa kaldari og grynri æða á vinnsluvatnið. Vinnsluvatn reiknast nú nær nákvæmlega kalkmettað og því er engin eða mjög lítil hætta á útfellingum í dreifikerfi.

Hitastig í holu SN-04 var fremur hátt árið 2004 enda vinnsla fremur mikil. Samspil vinnslu og hitastigs endurspeglast nokkuð vel í holunni. Hitamælingar í holu SN-05 eru of slitróttar til að unnt sé að túlka þær mikið en hitastig virðist vera nokkuð stöðugt í holu SN-12. Vatnsborð í holu 12 hefur lækkað aftur en það hækkaði á árunum 1998-2001 í samræmi við minnkaða vinnslu. Vatnsborð í holu SN-01 hefur haldist óbreytt frá árinu 2003 en ekki voru til nein vatnsborðsgögn úr holu SN-02. Þessar holur eru dæmigerðar fyrir þrýstibreytingar í jarðhitakerfinu þar sem ekki er dælt úr þeim og hefur vatnsborð í þeim venjulega sveiflast alveg í takt.

Niðurstöður vatnsborðsmælinganna sýna almennt að vinnslan er ekki mikil áraun á jarðhitakerfið, þótt einstakar holur svari aukinni vinnslu með lækkuðu vatnsborði.

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Árið 2004 er sautjanda starfsár Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis. Það er rekið sameiginlega af Kjósarhreppi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi. Hlutverk heilbrigðiseftirlits er að sjá um að ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sé framfylgt. Einnig ákvæðum reglugerða, heilbrigðissamþykktar og ákvæðum í sérstökum lögum og reglum sem heilbrigðisnefndum er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins eru Þorsteinn Narfason, líffræðingur og Árni Davíðsson, líffræðingur. Á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins er hægt að nálgast fundargerðir heilbrigðisnefndar, skýrslur, lagasafn, starfsleyfisskýrði fyrir starfsleyfisskyld fyrirtæki og hvaðeina sem tengist starfsemi þess. Slóðin er: <http://www.eftirlit.is>.

Alls eru 223 eftirlitsskyld fyrirtæki á svæði heilbrigðisnefndarinnar og hefur sá fjöldi verið nokkuð stöðugur undanfarin ár. Á mengunarsviði eru um 107 fyrirtæki en á heilbrigðis- og matvælasviði eru þau 116 talsins. Nokkur fyrirtæki falla undir bæði sviðin.

Heilbrigðiseftirlitið tók þátt í 7 verkefnum á landsvísi með öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum (HES) og Umhverfisstofnun (UST) þar sem gerlaástand matvæla var kannað. Heilbrigðiseftirlitið tók áfram þátt í sameiginlegum verkefnum á landsvísi til að meta tíðni sýklanna Salmonella og Campylobacter í kjúklingum á markaði. Niðurstaðan sýnir að þrátt fyrir stöðugt eftirlit í frumframleiðslu er ekki hægt að útiloka að ferskar afurðir sýktar af Campylobacter berist á markað.

Hundahald í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi sætir taktmörkunum sem getið er í samþykktunum þessara

sveitarfélaga. Í Kjósarhreppi hefur ekki verið sett sérstök samþykkt um hundahald.

Misbrestur er á að allir hundaeigendur þrifi upp eftir hunda sína eins og kveðið er á um í samþykktum. Æskilegt er að settar séu upp ruslahirslur með reglulegu millibili á helstu gönguleiðum þar sem það á við. Ingimundur Helgason sinnti starfi hundaeftirlitsmanns á Seltjarnarnesi. Samkvæmt upplýsingum úr hundaskráningarkerfi Seltjarnarness eru 132 hundar skráðir á Seltjarnarnesi í árslok. Þar af voru 19 hundar nýskráðir. Afskráðir hundar voru sjö. Kvartanir vegna hunda voru 24 auk þess sem lögregla hafði afskipti af 10 málum. Handsamaðir hundar voru 14.

Meindýraeyðing Reykjavíkurborgar sá um eyðingu meindýra á Seltjarnarnesi. Í skýrslu Guðmundar Björnssonar verkstjóra kemur fram að eitrað hafi verið kerfisbundið í holræsabrunna og í fjörur, auk þess sem sinnt hafi verið kvörtunum vegna rottu- og músagangs.

